

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 124 22. desember 1947, um dýralækna, og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 114 20. september 1948, ásamt auglýsingu um breytingu á þeirri gjaldskrá frá 4. ágúst 1965.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. júlí 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

- I. Biðskylda hefur verið ákveðin á ónefndum vegi, sem liggur framhjá umferðarmiðstöðinni, gagnvart Njarðargötu annars vegar og Flugvallarvegi hins vegar.
- II. Bifreiðastöður hafa verið bannaðar á Lindargötu að norðanverðu á milli Frakkastígs og Vitastígs. Jafnframt hefur verið ákveðið að fella niður áðurgildandi stöðubann að sunnanverðu á Lindargötu frá Frakkastíg að Vitatorgi.
- III. Bifreiðastöðubann á Tjarnargötu að vestanverðu á milli gömlu slökkvistöðvarinnar og Vonarstrætis hefur verið afnumið, þó ekki á um 30 m kafla næst Vonarstræti.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 14. júlí 1966.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

varðandi hreindýraveiðar.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að hreindýraveiðar skuli eigi fara fram árið 1966 og er því frestað um sinn framkvæmd reglna nr. 263/1960, um hreindýraveiðar í Múla-sýslum. Þó getur ráðuneytið heimilað veiðar nokkurra dýra til áframhaldandi vísindalegra rannsókna á heilbrigði hreindýrastofnsins.

Menntamálaráðuneytið, 18. júlí 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.